

## FUNDARGERÐ

**75. fundur stjórnar FUM, Félags um menntarannsóknir, haldinn þriðjudaginn 21. desember 2010 kl. 12:00-13:00, í húsnæði H.Í., Bolholti 6, Reykjavík.**

Fundinn sátu: Steinunn Helga Lárusdóttir formaður, Gretar L. Marinósson, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, Brynja Dís Björnsdóttir, (varamaður í stjórn) og Sigurlína Davíðsdóttir (sem ritaði fundargerð). Almar Halldórsson var veikur.

Tekið var fyrir:

1. **Fundargerð síðasta fundar.** Fundargerðin var samþykkt.
2. **Íðorðanefnd FUM.** Komin er greinargerð frá Íðorðanefnd um stöðu mála. Formaður FUM mun hafa samband við nefndina, þakka greinargerðina og hvetja til áframhaldandi starfs.
3. **Vefur FUM í WordPress.** Nokkur umræða varð um útlit vefsins, sem nú er kominn yfir í WordPress. Ákveðið var að formaður og Bryndís myndu skoða möguleika á uppsetningu vefsins í samráði við Þorvald Pálmason. Stjórn FUM mun koma saman í byrjun febrúar til að ræða um stöðu mála varðandi vefinn. Vonandi liggja þá fyrir tillögur.
4. **Önnur mál**
  - a) Útgáfu Tímarits um menntarannsóknir seinkar. Ástæðan er töl á umbroti hjá Háskólaútgáfunni. Væntanlega mun ritið koma út mjög fljótlega eftir áramótin og verða talið til útgáfu ársins 2010.
  - b) Námskeiðum sem fyrirhugað hafði verið að halda á vegum FUM í haust seinkar. Berglind Rós Magnúsdóttir mun halda námskeið í EndNote 12. febrúar og Kristján Ketill Stefánsson mun halda námskeið í NVivo 19. febrúar.
  - c) Formaður upplýsti að hún er nú einnig formaður samtakanna European Network for International Research on Development and Educational Leadership and Management (ENIRDELM). Þessi samtök munu halda ráðstefnu í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ 22.-24. september næstkomandi. Þema ráðstefnunnar verður *Education of leaders – the ethical dimension*. Stjórn ENIRDELM mun koma saman í janúar þar sem ákvarðanir verða teknar um ráðstefnuna. Ákveðið var að fela formanni að finna flöt á samstarfi FUM við ENIRDELM um aðkomu að ráðstefnuhaldinu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.